

Mótt. fekkinn 7/1. 70

Vesturlandsumdæmi

S T A R F S S K Ý R S L A

1 9 6 9

Daníel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi, 1969.

Veðráttta: Vetur var kaldur allt frá áramótum og óslitið fram í júní. Snjór var lítil en svellalög mikil og upp í dölum og til fjalla var víða illkleift yfirferðar sökum svella. Vindátt var oftast norðlæg, frost mældist mest í Norðtunguskógi 27.8 gráður hinn 7. febrúar. Hafís lá fyrir Norðurlandi og kuldastraumurinn suður yfir heiðarnar reyndist bitur hér í Borgarfirði. Í júní batnaði tíð og hlýnaði nokkuð. Annan júní var 1 gráðu frost kl. 6 að morgni, en síðari hluta dags komst hiti í 18 gráður í Norðtunguskógi. Sjöunda júní var sunnanátt og mikil rigning og eftir það var frost ekki merkjanlegt fram eftir sumri. Þegar kom fram í ágúst jókst rigning og rigndi óslitið fram undir októberlok, en þá gerði sjáa allmikla, sem tók að vísu upp á láglendi en til fjalla og í fjallasveitum gerði hríðarveður og hefur snjór legið óslitið yfir jörð til áramóta. Úrkoman í sumar og haust var með eindæmum og mun þessa sumars verða minnst í sögunni sem þess erfiðasta er yfir okkur hefur komið.

Vöxtur trjáa o.fl.: Skógur á Vesturlandi var ekki útsprunginn fyrr en um 5. júní. Lauffall varð fyrst í október. Vöxtur á raubgreni, sitkagreni og birki var hinn beztí frá því gróðursetning um Borgarfjörð og Vesturland hófst, en síðan eru 25 ár, fyrr var varla hægt að tala um gróðursetningu á þessum slóðum þótt aðeins væri hafizt handa áður.

Við Hreðavatn voru mæld 20 raubgrenitrá, samstæð heild, voru þau að meðaltali 2.9 m á hæð, það lægsta 1.3 m en hæsta 3.9 m. Meðal ársvöxtur reyndist 26 cm., en þess ber að geta að minnstu trén draga þau stærri mjög niður í ársvexti. Einnig voru mæld 20 sitkagreni meðalstærð þeirra var 4.8 m. en meðal ársvöxtur 42 cm. Hæsta ~~birki~~ *Larki*

við Hreðavatn er 7.2 m og er það 20 ára gamalt. Tekinn var samfelldur flötur til þessara mælinga. Mælingin var gerð um 20 ágúst, og sennilega er meðaltalið hærra, því tré vaxa eftir þann tíma. Hæstu árs-sprotar á sitkagreni, sem ég mældi ~~sennan~~ við Hreðavatn og í Norðtungu-skógi, voru 62 cm.

Fræfall: var minna en undanfarin ár en þó nokkurt. Hinsvegar var ómögulegt að nýta frá hér á Vesturlandi sökum sífelldra stórrigninga og storma. Það kom nálega aldrei þurr dagur.

Starfsfólk er álíka margt og s.l. vor og sumar; þetta eru nálega allt unglingar, sem stunda nám að vetrinum. Stúlkur eru hér í meirihluta. Ég hef áður greint frá því að hér er ekkert fastráðið starfsfólk við skógræktarvinnu, fjárhagurinn leyfir ekki slíkan mun að hér á Vesturlandi. Af þeim ástæðum hef ég orðið að styðjast einvörðungu við unglिंगavinnu úr skólunum. Allt eru þetta góðir unglingar, en þrátt fyrir ágæti þeirra liggur ljóst fyrir að einn maður sem ber ábyrgð á öllum störfum skógræktarinnar hér, ásamt leiðbeiningum og óskum fólksins almennt um aðstoð í sambandi við skógræktarmál, og verður jafnframt að ganga fyrstur til verks á hverjum degi - hefur oft áhyggjur fram yfir það sem vanalegt er hjá verkstjórum. En mestu máli skiptir að unglिंगarnir eru góðir og þrúðir og vinna allt með ljúfu geði.

Girðingar: Engar nýjar girðingar voru girtar í sumar, en hafinn undirbúningur að nýrri girðingu í Síðumúlalandi og byrjaði bóndinn sjálfur á því verki í von um að skógræktin mundi vilja þiggja landið til skógræktar. Eru þegar komnir niður hornstaurar og einn kanturinn fullgirtur. Á Eyjólfur Andrés�on bóndi í Síðumúla þakkir skildar fyrir áhuga sinn í þessu máli og vænti ég þess fastlega að Skógrækt ríkisins fullkomni þetta verk á árinu 1970, svo hægt verði að hefjast handa um gróðursetningu fljótlega.

Þá var endurgirtur lerkilundurinn hjá Arnarholti, en fyrir löngu

var ákveðið að skógræktin hefði umsjón yfir þeim reit, enda ekki vanþörf á að laga þar til og bæta inn í plöntum. Mörg gömlu lerkitrén eru myndarleg allt upp yfir 10 m á hæð, þau eru 61 árs gömul á þessu ári.

Skógarhögg: Grisjun fór fram sem venjulega, áður en gróðursett var þar sem um kjarrlendi er að ræða. Au^K þess var grisjað frá eldri gróðursetningu, einkum í Jafnaskarðsskógi. Þörf væri á meiri grisjun þar sem gróðursett hefur verið undanfarna 3 áratugi og fer vaxandi þar sem um stærra birki er að ræða t.d. við Hreðavatn, í Norðtunguskógi og Ytrafellsskógi svo dæmi séu nefnd.

Áburður á skóglendi: Borið var að plöntum í Norðtunguskógi og Jafnaskarðsskógi. Í Jafnaskarðsskógi er allstórt svæði mjög þétt plantað af rauðgreni og ættu þar að fást bráðlega nokkur þúsund af jólatrjám með grisjun, en á þetta svæði var borinn áburður í sumar.

Græðireitur: Dreifsettar voru plöntur sem hér greinir:

Rauðgreni 2/0 (Tumast.)	Namdal (B-666)	22.000 45.000 X/ V
Sitkagreni 2/0	- Seward (B-693)	(8.000) 7.000
Bergfura 2/0	- Ht coufl B-698) 689	9.000
Stafafura 2/0	- Fort. ^{stj} (B-671)	15.000
Birki 3/0	- Bæjarst. (B-641)	3.000
Elri ?	? Hórey (B-647)	800
Viðja (stikl.)	Norðtungu	3.600
Birki 2/0	Hallormsstað	9.000
Aspir (stikl.)	Norðtungu	1.100
Birkikvistur	Tumastaðir	400
Ýmislegt	Norðtungu	100
Viðja (tekin seint)	-	5.000
	Samtals	100.000

65.000
+ 11.000 = 76.000

Handwritten notes and signatures at the bottom of the page.

Í nýja reitinn uppi á barðinu voru gróðursettar rúmlega 1000 plöntur, allt lauffré - birki, reynir, viðja, ösp o.fl. Allt eru þetta plöntur sem flestar komu frá Tumastöðum. Þessi reitur var vel unninn og einnig vel borið í hann. Vatnsleiðslan sem liggur mjög nálægt reitnum var tengd við hann. Úr reitnum ættu að koma til

gróðursetningar næsta sumar:	Birki	2/2	9.000
	Stafafura	2/2	5.500
	Bergfura	2/3	2.700
	Rauðgreni	2/2 og 2/3	18.500
	Ýmislegt		<u>300</u>
	Samtals		36.000

Auk þessa munu vera til um 2000 viðjur, svo alls ættu að koma úr reitnum árið 1970 38 þús. plöntur.

Árið 1970 verða til ráðstöfunar um 40 þús. plöntur. Vorið var ekki hagstætt, kuldi til mailoka og klaki í jörð langt fram á sumar. Sökum fjárskorts gat ég ekki fengið plast yfir nema lítið eitt af plöntum, en greinilegur mismunur er á vexti þar sem plast er yfir þedunum, og ber tvímælalalaust að stefna að því að plast verði notað yfir plöntubeð fyrsta sumarið eftir dreifsetningu.

Undanfarið hef ég óskað eftir aðstoð til að rannsaka jarðveg í reitnum, sem er forsenda allrar ræktunar. Tilmæli mín um slíka aðstoð hafa ekki borið árangur ennþá, en vonandi verður það bráðlega.

Gróðursetning: Um 25 ára skeið mun ekki hafa verið jafn lítil gróðursetning á vegum Skógræktar ríkisins hér á Vesturlandi. Hinsvegar bætir Skógræktarfélag Borgarfjarðar þetta upp að nokkru. Gróðursetning á vegum skógræktarinnar var sem hér greinir:

Reykholtsgirðing:

Rauðgreni	3/4 V grane	500
Birki	3/2 Bæjarst.	2.500
Birki	2/0 -	<u>1.000</u>
	Samtals	4.000

^N
Y_Ltafellsgirðinga

Sitkagreni 3/4 Seward (Hall) 3.000

Hreimsstaðagirðing:

Birki 2/0 Bæjarst. 2.500

Sitkagreni 500

3.000

Norðtunguskógur:

Rauðgreni 3/4 V.grane (Vayli) 18.500

Rauðgreni 3/3 Namdal (Hall) 6.000

Rauðgreni 3/2 Stjörðal (NA) 1.500

Sitkagreni 3/4 Seward (Hall) 1.000

samtals 27.000

Alls hefur verið gróðursett á árinu 37 þúsund plöntur.

Vegagerð var engin að undanskildu allra nauðsynlegasta viðhaldi á veginum heim að húsinu í Norðtunguskógi, en full þörf væri á bættri vegagerð í Jafnaskarðsskógi og víðar, en fjárskorturinn krefst þess að vegagerð sitji á hakanum.

Byggingar voru engar á árinu, en smá lagfæringum verður aldrei hjá komizt - málningu o.fl. Reynt er að hirða hús og áhöld Skógræktarinnar hér eftir beztu getu. Öllu starfsfólki eru settar þær reglur að ganga vel um, og sé vel um gengið af hálfu verkafólksins verður viðhalds- kostnaður minni. Hinsvegar er húsakostur ekki hagstæður, en hann mun samt duga næstu árin - og aldrei mun ég gera kröfu til breytinga á honum, en vonast til að skógræktarstarfið hér megi njóta þess í aukinni gróðursetningu og fleiri girðingum að hér eru hvorki til bílar, vélar eða dýr húsakostur sem bindur fjármuni fyrir Skógrækt ríkisins.

Ferðalög o.fl.: Ég var 180 daga fjarverandi vegna skógræktarstarfa- auk þess innti ég önnur störf af hendi fyrir skógræktina heima - bréfaskriftir, skýrslugerðir, símtöl o.fl.

Þá sinnti ég málefnum Skógræktarfélags Borgarfjarðar, hef á hendi reikningshald og framkvæmd alla fyrir félagið.

Í Norðtunguskógi - þar sem er miðstöð skógræktarstarfsins - dvaldi ég frá síðustu dögum maí til septemberloka, en unnið var dreift um skógræktarsvæðið.

Helztu ferðir voru: 24. febrúar til 4. marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík.

19. apríl hafði ég myndasýningu og kynningu á skógrækt að Vammalandi.

5. maí mætti ég hjá skóla- og bygginganefnd Barna- og unglingskólans í Reykholtssdal, til athugunar á landi til skógræktar. Sunnudaginn

1. júní var ég í Reykholti og mældi fyrir viðbótargirðingu við Systkinareit ásamt Páli Einarssyni frá Reykholti og Kristni Guðmundssyni bónda á Grímsstöðum, en hann lætur landið af hendi, sem er áfast Systkinareit.

26. og 27. júní fór ég að Laugum í Dalasýslu og skipulagði þar gróðursetningu, ennfremur fór ég vestur að Skógum í Þorskafirði til fundar við fulltrúa úr Bah. söfnuðinum í Reykjavík sem er eigandi Skóga.

Ég sagði þar fyrir verkum í grísjun o.fl., en lízt ekki á að þar verði um varanlegar skógræktarframkvæmdir að ræða, sökum þess að fólkið virðist ekki vera vaxið þeim vanda að framkvæma skógræktarstörf við aðstæðurnar á þessum stað. Tók ég loforð um að nauðsynlegustu aðgerðir á girðingu mætti ég láta inna af höndum og réði ég mann til að gera við girðinguna.

8., 9. og 10. júlí fór ég með fólk í ^{ýtra} ~~sta~~ safellsgirðingu og þar voru gróðursettar 3000 plöntur og grísjab fyrir þeim. Í þessari ferð fór ég vestur að Reykhólum og athugaði skjólbelti sem þar átti að vera en fyrirfannst ekki. Þessi ferð var farin samkvæmt boði skógræktarstjóra.

5., 6. og 7. sept. var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Stykkishólmi.

13. okt. fór ég vestur að Skógum í Þorskafirði til að mæla fyrir viðbótargirðingu við skógræktargirðinguna sem fyrir er. Hér er um að

að ræða melinn sem Jochum Eggertsson gróðursetti sitkagreni í fyrir nokkrum árum, en er umhirðu og varnarlaust sem stendur. Ég réði mann til að sjá um verkið, sagði fyrir hvernig bæri að vinna það og útvegaði girðingarefni. Sökum vöðva tíðar sem gerði fyrr en nokkurn varði, var ekki hægt að ljúka þessu verki, en verður gert strax næsta vor. Enn virðast peningamál þess ágæta safnaðar hafa brugðizt og sit ég eftir með nokkra skuld vegna vinnulauna sem ég greiddi úr eigin vasa - en ég vantroysti því ekki að skilin berist mér bráðlega - aðalatriðið er að Skógagirðing verði ekki eyðilögð.

14. okt. fór ég vegna skógræktarmála að Reykholti og Húsafelli, en þangað var ferðin gerð til að leiðbeina um sáningu birkifrás. Í ráði er að friða meir en helming af Húsafellslandi og klæða það skógi og öðrum gróðri. Þegar er búið að friða mikið af Húsafellsskóginum.

20. til 23. okt. var ég boðaður á skógarvarðafund í Reykjavík og mætti ég þar. Þá hefa verið raktar helztu ferðir mínar í þágu skógræktarinnar. En þær ferðir sem ekki eru tilgreindar hér eru miklu fleiri og margar að sjálfsögðu ekki þýðingarminni fyrir málefni skógræktarinnar.

Lokaorð: Þetta ár hef ég engan bíl haft frá Skógrækt ríkisins og hef því orðið að nota minn bíl til allra fólksflutninga á milli vinnustaða og einnig plöntuflutninga og efnisflutninga, hef því oftast orðið að hafa kerru í eftirdragi. Þetta skapar mér óþægindi og feikna auka erfiði því oft verð ég að nota kvöld og natur til flutninga upp úr kl. 6 á fatur til að sækja mjólk fyrir daginn og til að hláða kerru o.fl.

Árið sem kveður í dag verður mörgum minnisstætt og að fáu góðu. Það má segja að sumarið vari ekki til á þessum slóðum. Sólskinsdagar sárafaír og úrkoma alla daga júlí - ágúst - september að fjórum eða fimm dögum undanskildum. En þrátt fyrir þessa vonðu tíð uxu litlu barrtrén undra vel, sem áður greinir frá.

Blikur eru á lofti óhagstæðar skógræktinni um þessar mundir, og tel ég alvarlegasta þróunina í jarðeignamálunum. Það virðist svo sem fólk úr öllum öðrum atvinnuvegum en landbúnaði saki með ofurkappi

eftir hverjum landskíka sem losnar úr ábúð og falur er til kaups. Oft er gefið margfalt verð fyrir slíkar jarðir, miðað við verðmæti þeirra til búskapar, en það verð er lágt.

Nú mætti ætla að þessi þróun væri hagstæðari fyrir skógræktina í landinu, heldur en ef bændur keyptu jarðirnar sem væntanlega mundu nytja þær til búskapar. En þessu er öfugt farið. Sú jörð sem einu sinni kemst í eigu efnafólks í þéttbýlinu er ekki fáanleg til nytja fyrir skógrækt eða til annarra afnota, og verður mikið af því landi sem þannig er selt einskonar rekald, engum til nytja en flestum til ama.

Ég geri ekki sumarbústaðalönd að umræðuefni hér, en minni á að umgengni margra er er slík lönd eiga eða leigja, er sorgarsaga.

Framtíð skógræktar samfara skynsamlega reknum landbúnaði á Íslandi veltur nú mest á því hver á að eiga landið í framtíðinni. Á peningavaldið í landinu að gera þeim ókleift að nytja landið sem eiga að gera það. Það er von mín að Skógrækt ríkisins fái þá sjálf-sögðu náð fyrir augum löggjafarvaldsins að hún fái hagkvæmt og nauðsynlegt landrými til starfsemi sinnar á næstu árum.

Ég þakka starfsmönnum skógræktarinnar ánægjulegt samstarf á liðnu ári - og Hákonni Bjarnasyni skógræktarstjóra færi ég kærar þakkir fyrir langt samstarf.

Á gamlársgög 1969
David Kristjánsson